

Freja och huggormen

Höfundur texta: Fredrik Sonck (Álandseyjum)
Höfundur mynda: Jenny Lucander (Finnlandi)
Förlaget, 2023

Tilnefnd til barna- og unglingabókaverðlauna
Norðurlandaráðs 2024

Söguþráður: Freja er í sumarfríi. Á ströndinni finnur Hugo litli bróðir hennar höggorm sem er að spóka sig í sólinni. Mamma og pabbi verða hrædd og ákveða að pabbi verði að góma hann. Þá hefst eltingarleikurinn og honum lýkur með því að pabbi drepur höggorminn. Freja verður skelfingu lostin, pabbi hennar er morðingi. Var þetta nú nauðsynlegt? Hver eru eiginlega hættuleg hverjum?

Efnisorð: frí, hættur, tilfinningar, fjölskylda, náttúra, vistfræði, siðfræði

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Flettið bókinni og skoðið myndirnar með barninu. Hverju taka þau eftir í náttúrunni? Skoðið smáatriði, bæði í brekkunni og í loftinu. Sjáið þið einhver dýr?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvaða persónum kynnumst við í sögunni? Við hvað eru þær hræddar?
3. Geta dýr orðið hrædd? Er eitthvað í náttúrunni sem þú hræðist?
4. Höggormurinn er með mynstur á bakinu. Hvers vegna heldurðu að það sé? Hvernig er mynstrið? Finn-
du mynd af höggormi.
5. Farið í gönguferð úti í náttúrunni. Athugið hvort þið sjáið fleiri mynstur í náttúrunni. Hversu mörg mynstur finnið þið? Teiknið ykkar eigið mynstur.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvað gerist í sögunni? Var eitthvað sem þér fannst gott eða ekki eins skemmtilegt?
2. Hvernig líður Freju út af því sem gerist? Skoðaðu myndina af jarðarförinni. Hvernig notar myndahöfundurinn liti?



3. Hvernig hljóð gefa höggormar frá sér? Ef dýr gætu talað hvað heldurðu þá að Ormis myndi segja við Freju og fjölskyldu hennar?

4. Hvernig heldurðu að heimurinn líti út í augum höggorms? Teiknaðu mynd af Ormis í strandarferð.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér um bókina? Hvað fannst þér gott við hana? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur sem þú þekkir?
2. Hvað finnst ykkur um pabba hennar Freju?
3. Hvers vegna haldið þið að mamma hennar segi að eltingarleikurinn við höggorminn megi ekki vera svona mikið „tilfinningamál“?
4. „Ormar mega líka lifa þó að þeir séu alls ekki eins og manneskjur,“ segir Freja. Erud þið sammála þessu? Af hverju/af hverju ekki?
5. Hvað finnst ykkur um sögulokin?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:
Om du möter en björn. Höfundar texta: Malin Kivelä og Martin Glaz Serup.
Höfundur mynda: Linda Bondestam
Naturen. Höfundur texta og mynda: Emma Adbåge

MÁLAMOLI

"Höggormur"

sænska	danska	norska	íslenska	færeyska	grænlenka	finnska	norðursamíska
Huggorm	Hugorm	Hoggorm/Huggorm	Höggormur	Høggormur	Hugormi	Kyy	Gearpmaš



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)